Miðvikudaginn 11. desember 1991.

Nr. 142/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Matthildi Eiðsdóttur
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1991 samkvæmt ósk ákærðu og einnig af hálfu ákæruvalds. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 87/1991: Ákæruvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. desember sl., á hendur ákærðu, Matthildi Eiðsdóttur, Baldursgötu 12, Reykjavík,

fæddri 18. mars 1961, fæðingarnúmer 332, „fyrir tékkafals með því að nota í viðskiptum í júní 1990 í Reykjavík, nema annað sé nefnt, eftirtalda falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, aðalbanka, sem ákærða falsaði sjálf með nafni útgefanda, sem er Guðrún Pétursdóttir, nema á einum, og ýmsum reikningsnúmerum. Tékkarnir eru allir til handhafa og notaðir svo sem nánar tilgreinir, en ákærða fékk kunningja sinn, Jökul Ægi Friðfinnsson, til að framselja suma tékkana fyrir sig.

1. Nr. 2264152, 3.000 kr., dagsettur 21. (mánuður ekki tilgreindur) 1990, reikningsnúmer 16204.

2. Nr. 2264155. 4.500 kr., dagsettur 21. júní rnr. 27089. Nafn útgefanda Guðrún Pálsdóttir. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum. Er með ólæsilegu framsali, en jafnframt framsalsstimpli söluturns að Hafnarstræti 20.

3. Nr. 2264156, 2.040 kr., dagsettur 22. júní, rnr. 21087. Notaður í söluturni BSÍ, Vatnsmýrarvegi 10.

4. Nr. 226460, 5.200 kr., dagsettur sama dag, rnr. 27089. Framseldur af kunningjanum og notaður í Skóverslun Reykjavíkur, Laugavegi 95.

5. Nr. 2264161, 5.400 kr., dagsettur sama dag, rnr. sama. Framseldur af sama og notaður í versluninni Skæðum, Laugavegi 74.

6. Nr. 2264163, 9.700 kr., dagsettur sama dag, rnr. 27098. Framseldur af sama og notaður í versluninni Cosmo, Laugavegi 44 eða Kringlunni 8-12.

7. Nr. 2264165, 3.000 kr., dagsettur sama dag, rnr. 27089. Ákærða afhenti tékkann Steingrími Benediktssyni, sem framseldi hann söluturninum Óðinstorgi.

8. Nr. 2264167, 7.000 kr., dagsettur sama dag, rnr. 28019. Framseldur af ákærðu og notaður í Snyrtivörubúðinni, Laugavegi 76.

9. Nr. 2264168, 9.400 kr., dagsettur sama dag, rnr. sama. Framseldur af ákærðu og notaður í verslun Jóns Sigurjónssonar gullsmiðs, Laugavegi 70.

10. Nr. 2264172, 3.000 kr., dagsettur 23. júní, rnr. 27089. Framseldur af ákærðu og notaður í Kópavogsapóteki, Kópavogi.

11. Nr. 2264175, 7.600 kr., dagsettur 27. júní, rnr. 6374. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en tékkinn er með framsalið Ragna Davíðsdóttir 100158-3699 svo og framsal Nonna og Bubba hf. í Keflavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta, sé þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Ákærða hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í júní 1990 falsað og notað í viðskiptum 11 tékka, samtals að fjárhæð 59.840

kr. Er tékkunum, notkun þeirra og atvikum að öðru leyti rétt lýst í ákæruskjali.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærða hafi með háttsemi sinni gerst sek um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún frá árinu 1980 hlotið samtals 13 dóma, aðallega fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik, og nemur samanlögð refsivist hennar nú þremur árum og tveimur mánuðum. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins, dagsettu 29. janúar sl., hefur ákærða afplánað að fullu eftirstöðvar refsinga sinna, en henni hafði 17. mars 1990 verið veitt reynslulausn, skilorðsbundið í tvö ár, á 150 daga eftirstöðvum refsingar.

Eftirtaldir hafa gert skaðabótakröfur í málinu:

1. Nesti hf. 3.000 kr.
2. Söluturninn Í leiðinni, Hafnarstræti 20, 4.500 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 21.6. '90 til greiðsludags.
3. Bifreiðastöð Íslands hf. 2.040 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 22.6. '90 til greiðsludags.
4. Skóverslun Reykjavíkur, Laugavegi 95, 5.200 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 22.6. '90 til greiðsludags.
5. Skæði, Laugavegi 74, 5.400 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 23.6. '90 til greiðsludags.

Samkvæmt gögnum málsins hefur ákærða greitt allar ofangreindar kröfur.

Með hliðsjón af sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.